



# Skógrækt ríkisins Suðurlandsdeild



## Ársskýrsla 2006

Samantekt  
Hreinn Óskarsson  
Skógarvörður

---





Greniryð (*Chrysomyxa abietines*) hefur undanfarin ár fundist á rauðgreni víðst vegar um Suður- og Vesturland. Eyðileggur sveppurinn stóran hluta greninála á sumum trjám og drepur tré í stöku tilfellum. Er þó mikill munur milli einstakra trjáa hversu miklum skemmdum hann veldur. Hefur sveppurinn í sumum árum gert stóran hluta rauðgrenitrjáa ósöluhæfan.

Ljósmynd: Hreinn Óskarsson

© Skógrækt ríkisins 2008  
© Hreinn Óskarsson

Útgefandi: Skógrækt ríkisins

Höfundar efnis: Hreinn Óskarsson, Hrafn Óskarsson, Theodór A. Guðmundsson,  
Jóhannes H. Sigurðsson og Gunnlaugur Guðjónsson.

Ljósmyndir: Hrafn Óskarsson, Hreinn Óskarsson og Morten T. Leth.  
Mynd á forsiðu: Lindifura, ljósmynd: Hrafn Óskarsson.

Öll réttindi áskilin.

Efni skýrslunnar má afrita með ljósmyndun,  
hljóðritun og á annan sambærilegan hátt, að hluta eða  
í heild, með skriflegu leyfi höfundar og útgefanda.

## SAMANTEKT

Eins og undanfarin ár unnu fimm fastráðnir starfsmenn hjá Suðurlandsdeild árið 2006. Hjá deildinni voru unnin um 8,7 ársverk þegar lausráðnir eru taldir með. Alls unnu 14 erlendir starfsmenn frá nokkrum skógræktarskólum hjá deildinni við ýmis störf auk fimm sjálfboðaliða sem unnu að stígagerð í Þórsmörk í fimm vikur. Ýmis verkefni voru í höndum verktaka eins og undanfarin ár s.s. vörubílaakstur, stígalagning, umsjón tjald- og hjólhýsasvæða.

Hlýindi einkenndu veturinn fram í apríl sem var nokkuð kaldur. Maí var hlýr en þó með hefðbundnu hreti í lok mánaðarins. Sumarið var ágætt og haustið hlýtt og gott. Birkifræ í meðallagi og tókst m.a. að safna töluverðu fræi í Bolholti á Rangárvöllum.

Alls var sáð til 376 þús. trjáplantna og 43 þús. græðlingum af ösp og víði var stungið í bakka. Í ár voru afhentar frá Tumastöðum 160 þúsund plöntur til gróðursetningar hjá deildinni, þ.a. 120 þús birkir til Hekluskóga. Að auki voru afhentar 190 þús fjölpottaplöntur frá Tumastöðum í tengslum við ræktunarsamninga og seldir 73 þús græðlingar af ösp og víði. 726 hnausaplöntur og 13500 pottaplöntur voru einnig afhentar árið 2006 frá Tumastöðum. Samanlagt voru því afhentar um 440 þús plöntur og græðlingar árið 2006 hjá Suðurlandsdeild.

Alls voru gróðursettar 63 þús trjáplöntur hjá deildinni. Mest birki (50 þús), rauðgreni (13 þús), stafafura (12 þús) og sitkagreni (1600). Mest var gróðursett í Þjórsárdal og Haukadal.

Ný tækni við grisjun var prófuð hjá deildinni í fyrsta sinn hér á landi þegar Menzi Muck grisjunarvél var notuð í Haukadal í lok árs við grisjun á tveim reitum. Töluvert var ennfremur grisjað í skógum Þjórsárdals auk smáræðis á öðrum stöðum.

Úttekt var gerð á gróðursetningartilraun í misgróið land í Þjórsárdal. Gerð starfsáætlunar hófst í Haukadal og var skógfræðingurinn Morten T. Leth ráðinn í það verkefni.

Kurlsala var um 70 m<sup>3</sup> á árinu, eldiviðarsala var 9,3 tonn. Um 780 kg af furugreinum og 653 jólatré, þ.a. 98 torgtré, voru höggvin og seld. Á Tumastöðum var alls safnað og hreinsað rúmlega 19,6 kíló af sunnlensku trjáfræi af nokkrum tegundum.

Umsjóna og eignalönd deildarinnar eru fjölsótt af ferðamönnum og ferðahópum. Engar nákvæmar tölur fyrir um fjölda gesta í skógunum liggur fyrir. Áætlað er að gistinætur á svæðum deildarinnar hafi verið rúmlega 50 þúsund og væntanlega hafa skógargestir verið töluvert fleiri enda er ekki gístiaðstaða nema í hluta skóganna.

Stígar voru gerðir og lagaðir á svæðum deildarinnar t.d. í Þórsmörk og í Haukadal. Lítið sem ekkert var unnið að viðhaldi á fasteignum þetta árið. Þó var kaldvatn fyrir tjald og hjólhýsasvæðið í Þjórsárdal endurnýjað.

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b>	<b>bls. 6</b>
<b>Mannahald</b>	<b>bls. 7</b>
Heilsármenn	bls. 7
Sumarfólk, lausráðnir og verktakar	bls. 7
Erlendir starfsnemar	bls. 8
Sjálfbóðaliðahópar	bls. 8
Margar hendur vinna létt verk	bls. 8
<b>Umhverfispættir</b>	<b>bls. 9</b>
Veðurfar ársins	bls. 9
Vöxtur og þrif trjágróðurs	bls. 9
<b>Ræktun trjáplantna og græðlinga</b>	<b>bls. 10</b>
Sáning	bls. 10
Stunga græðlinga	bls. 10
Afhending skógar- og hnausaplantna	bls. 10
Afhending græðlinga	bls. 10
Fræafhending	bls. 10
<b>Gróðursetning</b>	<b>bls. 11</b>
Undirbúningur gróðursetningar	bls. 11
Tumastaðir, Tunga og Kollabær	bls. 11
Þjórsárdalur	bls. 12
Þórsmörk og Goðaland	bls. 12
Skarfanés	bls. 12
Haukadalur	bls. 12
<b>Hirðing og grisjun</b>	<b>bls. 13</b>
Tumastaðir	bls. 13
Þjórsárdalur	bls. 13
Þingvellir	bls. 13
Haukadalur	bls. 13
<b>Tilraunir og þróunarverkefni</b>	<b>bls. 14</b>
Birki - Þjórsárdal	bls. 14
Ræktun á ryðþolnum asparklónum	bls. 14
Kortlagning skóglenda og starfsáætlanir	bls. 14
<b>Skógarafurðir</b>	<b>bls. 15</b>
Kurl og arinviður	bls. 15
Borðviður og hjallaefni	bls. 15
Jólatré og greinar	bls. 15
Trjáfræ	bls. 16
<b>Girðingar og vegir</b>	<b>bls. 17</b>
Viðhald girðinga	bls. 17
Endurnýjun girðinga	bls. 17
Viðhald vega	bls. 17

<b>Útivistarsvæði</b>	<b>bls.</b>	<b>18</b>
Tumastaðir	bls.	18
Trjagarðurinn í Múlakoti	bls.	18
Haukadalur	bls.	18
Þjórsárdalur	bls.	18
Þórsmörk og Goðaland	bls.	19
Kirkjubæjarklaustur	bls.	19
<b>Fasteignir</b>	<b>bls.</b>	<b>20</b>
Sala og kaup	bls.	20
Nýsmíði	bls.	20
Viðhald	bls.	20
Útleiga	bls.	20
<b>Rekstur ársins</b>	<b>bls.</b>	<b>21</b>
<b>Rekstrarkostnaður</b>	<b>bls.</b>	<b>21</b>
<i>Launakostnaður</i>	<i>bls.</i>	<i>21</i>
<i>Annar rekstrarkostnaður</i>	<i>bls.</i>	<i>21</i>
<b>Sértekjur</b>	<b>bls.</b>	<b>22</b>
<i>Tekjur almennar</i>	<i>bls.</i>	<i>22</i>
<i>Vörusala</i>	<i>bls.</i>	<i>22</i>
<b>Ýmislegt annað</b>	<b>bls.</b>	<b>23</b>
Heimsóknir hópa og gesta	bls.	23
Skógardagar – jólatrjáasala úr skógi	bls.	23
Fundir, ferðir og námskeið	bls.	23
Fyrirlestrar	bls.	24
Greinaskrif og veggspjöld	bls.	24
Nemendaverkefni	bls.	24
Hekluskógar	bls.	25
<b>Viðauki</b>	<b>bls.</b>	<b>26</b>
Gróðursetning 2006	bls.	27

## Inngangur

Í skýrslu ársins verður gerð grein fyrir helstu verkefnum Suðurlandsdeildar S.r. sem unnin hafa verið árið 2006. Er skýrslan hefðbundin að gerð.

Framlög til deildarinnar voru svipuð og undanfarin ár. Að auki fékk deildin 7 milljóna framlag til Hekluskóga sem var nýtt til framleiðslu á trjáplöntum, gróðursetningar og sáningar, sér í lagi í Þjórsárdal. Gekk rekstur deildarinnar vel þrátt fyrir lítil framlög, enda ákaflega hæft og duglegt starfsfólk sem starfar hjá deildinni. Jukust tekjur nokkuð milli ára eða um 25% og má þakka það ræktunarsamningum á Tumastöðum sem og auknu hlutfalli torgtrjáa í jólatrjáasölu. Sá galli er hins vegar á gjöf Njarðar að lítið er hægt að sinna viðhaldi á tækjum, vegum, girðingum og fasteignum, eða öðrum brýnum verkefnum hjá deildinni vegna þess að starfsfólk er bundið í sértekjuöflun mestan hluta ársins.

Eins og undanfarin ár hafa starfsmannamál verið leyst með því að fá skógræktarnema í starfsþjálfun í ýmis verkefni í Þjóðskógum Suðurlands. Hefur það samstarf verið farsælt, skógræktarnemarnir hafa fengið sína starfsþjálfun sem nýtist þeim í námi og Skógræktin hefur getað leyst ýmis verkefni með aðstoð nemanna. Hluti nemanna hefur aðstoðað sérfræðinga á Mógilsá við trjámælingar ofl. Það skapar hins vegar töluvert álag á verkstjórum deildarinnar að leiðbeina starfsnemum og sinna þeim um helgar og kvöld utan vinnutíma. Það er því rétt að þakka verkstjórum fyrir mikla þolinmæði og dugnað við að sinna starfsnemunum. Starfsnemarnir unnu hjá deildinni sem svarar 2,6 ársverkum og sé það vinnuframlag reiknað í kr og aura gæti það svarað til um 10 milljónum kr á ársgrundvelli.

Skógarvörður vill sérstaklega þakka starfsfólki deildarinnar vel unnin störf á árinu 2006. Einnig öðru samstarfsfólki innan og utan Skógræktar ríkisins fyrir farsælt samstarf. Sjálfboðaliðasamtökunum og starfsnemum er þökkuð störf sem unnin voru í sjálfboðavinnu. Einnig ber að þakka ágætt samstarf við sveitastjórnir og aðrar stofnanir á árinu sér í lagi Suðurlandsskóga, Skógræktarfélag Árnesinga, Landsvirkjun og Landgræðsluna.

Desember 2007  
Virðingarfyllt,

*Hreinn Óskarsson*

---

Hreinn Óskarsson  
skógarvörður



## Mannahald

Sævar Hreiðarsson hætti í haustbyrjun og hóf verslunarstörf í Reykjavík. Í stað Sævars kom Einar Óskarsson og hóf hann störf í september. Alls voru launuð ársverk um 8,7 hjá deildinni árið 2006. Þar af voru fimm heilsármenn. Skógræktarnemar í starfsnámi skiluðu um 2,6 ársverkum en þeir unnu aðallega í Haukadal og Þjórsárdal. Alls eru ársverk því um 11,3.

## Heilsármenn

Heilsármenn hjá Suðurlandsdeild voru Hrafn Óskarsson (Tumastöðum), Hreinn Óskarsson (Selfossi), Jóhannes H. Sigurðsson (Þjórsárdal), Theodór A. Guðmundsson (Tumastöðum). Sævar Hreiðarsson (Haukadal) frá janúar fram í ágúst lok, Einar Óskarsson (Haukadal) frá september alls 3 mánuði.

## Sumarfólk, lausráðnir og verktakar

Lausráðin á Tumastöðum voru Ásmundur Eiríksson (9 mán), Emil Harðarson (2,5 mán), Sigríður Böðvarsdóttir (9 mán) og Sigríður Anna Haraldsdóttir (2,4 mán). Auk þess unnu Dóra og Freyja á Tumastöðum í styttri tíma. Árni Guðmundsson í Múlakoti sá um trjásafnið í Múlakoti og vann við það í um 1,6 mannmánuði. Alls unnu lausráðnir og fastráðnir starfsmenn um 24,4 mannmánuði eða rúm 2 ársverk.

Í Haukadal og Þjórsárdal voru nokkrir sumarstarfsmenn við störf á árinu. Þeir voru Ari Steinar Svansson (2,9 mán), Dóra Haraldsdóttir (2,7 mán), Freyja Baldursdóttir (2,3 mán), Esben Kirk Hansen (4,1 mán) og Ingvi Már Guðnason (1,8 mán). Alls unnu laus og fastráðnir starfsmenn í 13,7 mannmánuði eða rúmt ársverk á svæðunum.

Morten T. Leth skógfræðingur frá den Kongelige Veterinær og Landbohøjskole, vann hjá Suðurlandsdeild frá maí 2006 fram að áramótum alls um 7,5 mánuði, við gagnasöfnun fyrir driftsplan í Haukadal. Þar var m.a. um að ræða lagfæringu á kortum af Haukadalsskógi og mælingar á standandi viðarmassa í hverjum reit skógarins.

Verktakar sáu um viðhald girðinga á Kirkjubæjarklaustri, rekstur tjald- og hjólhýsasvæða í Þjórsárdal, auk aksturs og ýmissa viðvika. Var reynsla almennt góð af þessu fyrirkomulagi. Á



Starfsmenn í fjallaferð að Fjallabaki.  
Ljós. Hreinn Óskarsson



Kirkjubæjarklaustri vann Einar Bjarnason við umhirðu og stígagerð í um þriggja vikna skeið á árinu.

## Erlendir starfsnemar

---

Í ár unnu 14 starfsnemar hjá deildinni við ýmis verkefni. Þau voru: Richard Francis King (Háskólanum Dublin Írlandi/ University College Dublin), Johanna Fritz (University of Applied Sciences Eberswalde), Henrik Hjort Madsen og Ania Dahl (Skovskolen Nødebo Danmörku), Peter Linneman (Landbúnaðarháskólinn í Kaupmannahöfn), Catalina Simó Font (Skógtækninemi frá Mallorca, Spáni) Teresa Gómez de la Bárcena (skógfræðingur frá Ludwig Maximilian-Universität, Þýskalandi), Ingvar Åberge (Landbúnaðarháskólinn á Ási í Noregi), Kim Rune Einmo og Endre Eide (Vefsn Landbrukskole, Noregi), Piotr Ksiazek (Skógfræðinemi frá Póllandi), Christiane Herty (Skógfræðinemi Þýskalandi), Meik Meissner og Doreen Werner (Háskólanum í Göttingen, Þýskalandi). Samtals störfuðu þessir nemar í 31 mánuð eða 2,6 ársverk hjá deildinni. Auk þess að vinna hjá deildinni við ýmis verkefni, aðstoðuðu nokkrir nemanna við skógræktarúttekt Arnórs Snorrasonar og Bjarka Þ. Kjartanssonar á Mógilsá í nokkrar vikur.

## Sjálfbóðaliðahópar

---

Í júní til ágúst unnu sjálfbóðaliðar að endurbótum á göngustígum í Þórsmörk og Goðalandi. Var um að ræða 4-5 manna hópa á vegum BTCV sjálfbóðaliðasamtakanna sem unnu í um fimm vikur undir stjórn Chas Goemans frá Umhverfisstofnun. Unnu hóparnir að lagfæringum á stígum í hlíðum Valahnúks og í Básahringnum. Var þetta unnið í samvinnu við Ferðafélag Íslands í Langadal og Ferðafélagið Útivist í Básun. Vill Skógræktin þakka þessum aðilum aðstoðina.



Reyniviður á Kirkjubæjarklaustri.

Ljósmynd. Hreinn Óskarsson

## Margar hendur vinna létt verk

---

Hópar frá Landsvirkjun aðstoðuðu deildina við nokkur verkefni þetta árið, t.d. við gróðursetningu í Þjórsárdal.

## Veðurfar ársins

Hlýindi einkenndu veturinn fram í apríl sem var nokkuð kaldur. Maí var hlýr en þó með kuldahret í lok maí svipað og undanfarin ár. Var þetta hret þó ekki eins alvarlegt og undanfarin tvö ár. Sumarið var ágætt og haustið hlýtt og gott.

## Vöxtur og þrif trjágróðurs

Vöxtur var almennt frekar lítill í greni, og nokkuð yfir meðallagi hjá öðrum tegundum. Ertuygla var áberandi í lúpínubreiðum síðsumars eins og síðustu ár og át hún nokkuð af trjágróðri víða um Suðurland. Ertuygla lifir m.a. á lúpínu en ræðst á annan gróður þegar lúpínan er uppétin. Veldur þó sjaldan alvarlegum skaða á trjágróðri.

Greniryð (*Chrysomya abietines*) var nokkuð áberandi sér í lagi í Haukadal í Biskupstungum eins og undanfarin ár.



Skógarpröstur gæðir sér á reyniberjum...  
Ljós. Hrafn Óskarsson



... og dritar honum svo á skógarbotninn þar sem upp spretta nýjir reyniviðir.  
Ljós. Hrafn Óskarsson

## Ræktun trjáplantna og græðlinga

Sáning í gróðrastöðinni á Tumastöðum jókst milli ára. Þar munaði lang mest um birkisáningar fyrir Hekluskóga.

### Sáning

Sáð var í 8.608 bakka, frá 29 tegunda eða kvæma tegunda. Alls var sáð til 376 þúsund plantna. Var vélsáð í stóra gróðurhúsið af Sigurði Ásgeirssyni, en handsáð í Flúðahúsin aðallega birki. Langmest var sáð af birki eða í um 210 þúsund hólf. Sáð var í um 60 þús hólf af sitkagreni, 43 þús af stafafuru og 43 þús af rauðgreni. Sáð var í tæplega 9 þúsund hólf af reyniviði, en minna af öðrum tegundum.

### Stunga græðlinga

Stungið var græðlingum í alls 43 þúsund hólf. Mest var stungið af alaskaösp í um 15500 hólf, hreggstaðaviði í 7500 hólf og alaskaviði í 5670 hólf.



Haukdælskur sveppur á birkirót. Ljós. Hreinn Óskars.

og sitkagreni. Afhending á bakkaplöntum til annarra verkefna var tæp 190 þúsund. Töluvert af plöntunum var ræktað á Tumastöðum skv. samningi við Blómaval og afhent í tengslum við það samstarf. Einnig voru afhentar rúmlega 13500 pottaplöntur frá Tumastöðum, mest í tengslum við fyrrnefnt samstarf.

### Afhending skógar- og hnausplantna

Í ár voru afhentar um 160 þús. skógarplöntur til gróðursetningar í lönd Skógræktar ríkisins og til Hekluskóga. Rúmlega 700 hnausaplöntur fóru frá Tumastöðum, Haukadal og Þjórsárdal. Aðallega var um að ræða stafafuru

### Afhending græðlinga

Afgreiddar voru pantanir á græðlingum, bæði á óklipptu efni sem ræktendur klipptu sjálfir niður til ræktunar í bökkum og eins niðurklipptum (18-20 cm) græðlingum. Alls voru seldir um 73 þús græðlingar.

### Fræafhending

Alls voru afhent 11,5 kg af fræi frá Tumastöðum. Mest var afhent af birkifræi en töluvert af stafafuru, auk minni sýnishorna til eigin nota.



## Gróðursetning

Alls voru gróðursettar um 63 þúsund trjáplöntur á starfssvæðum Suðurlandsdeildar. Um 50 þúsund birki voru gróðursett á söndum / uppgræðslum Þjórsárdals í tengslum við Hekluskögaverkefnið. Auk Hekluskögaplantnanna skiptist gróðursetningin á rauðgreni 13.200, stafafura 11.800, sitkagreni 1600, auk minna af ýmsum tegundum s.s. álmi, blágreni og bergfuru. Mest var gróðursett í Þjórsárdal sér í lagi í tengslum við Hekluskögaverkefnið. Auk þess var gróðursett í jólatrjáareiti Haukadal og á Tumastöðum og í Múlakoti voru gróðursettar pottaplöntur af sjaldgæfari tegundum. Í viðauka má sjá nánari upplýsingar um gróðursetningu.

### Undirbúningur gróðursetningar

Sáð var í 60 ha svæði á Þjórsárdalssöndum á ræmu sem liggur með afréttargirðingunni frá suðaustanverðu Reykholti í norðaustri að Sandá og niður fyrir Vegghamra sem eru austan við Dímon. Var þetta unnið af sáningarmönnum Landgræðslunnar. Sáðblandan samanstóð af rýgresi og öðrum grastegundum. Einnig var borið á vélgróðursetningu á svæðinu sunnan Þjóðveggar vestan Fossárbrúar.



Birki gróðursett sama sumar og sáð var í örfoka sand við Sandá sunnan afréttargirðingar. Slíkar aðferðir hafa gefist ágætlega í Þjórsárdal. Ljósmynd: Hreinn Óskarsson

### Tumastaðir, Tunga og Kollabær

Gróðursettar voru 880 pottaplöntur af álmi, blágreni og ýmsum reynitegundum í brekkurnar neðan við Lambhústún og niður með Tungulæk.

## **Pjórsárdalur**

---

Um 50 þúsund birki voru gróðursett á söndum / uppgræðslum Þjórsárdals í tengslum við Hekluskögaverkefnið, þar af um 31 þúsund birkiplöntur á flatanum sunnan Reykhólts. Var sú gróðursetning gerð af Gagntaki ehf með gróðursetningarvél C12. Var þar gróðursett beint í nýjar sáningar Landgræðslunnar. Einnig var gróðursett í sáningu niður með girðingu frá Reykholti, sem og við Vegghamra og einnig sunnan gatnamóta Sundlaugarveggar og Þjóðveggarins um Þjórsárdal. Einnig voru gróðursettar 1200 rauðgreni, 9400 stafafurur og 3280 sitkagreni í nokkra reiti sjá nánar í gróðursetningartöflu.

## **Pórsörk og Goðaland**

---

Ekkert var gróðursett á vegum Skógræktar ríkisins þetta árið, en 4x4 klúbburinn gróðursetti eins og undanfarin ár um 1000 Þórsmerkurbirki sem ræktað var á Tumastöðum á Merkurrananum. Var þetta gert í samvinnu við Landgræðslu ríkisins.

## **Skarfaness**

---

Tveir aðilar leigja landspildur til skógræktar í landi S.r. í Skarfanessi. Þetta árið gróðursetti Jón Grettisson 1000 plöntur af stafafuru og Arinbjörn Þorbjörnsson 40 broddfurur af Mjóaneskvæmi og 40 lindifurur af Þorgoðje-kvæmi.

## **Múlakot**

---

Árni Guðmundsson gróðursetti 350 knappareyni og 375 álma í brekkurnar ofan Múlakots.

## **Haukadalur**

---

Í Haukadal voru gróðursettar um 13.440 plöntur þetta árið mestmegnis rauðgreni í jólatrjáareiti í Haukadalstúnskikann, þann syðsta á túnunum sunnan kirkju, en einnig voru gerðar miklar íbætur með rauðgreni í þrjá reiti R601-R603 sem plægðir voru og gróðursett í 2005 á Laugartúnum.



Fræmyndun á íslenskum álmi.

Ljós. Hrafn Óskarsson

## Hirðing og grisjun

Segja má að á árinu 2006 hafi verið stigið stórt skref í grisjunartækni hér á landi þegar prófanir voru gerðar með fyrstu sérhæfðu grisjunarvél sem flutt hefur verið til landsins. Var vélin prófuð í tveimur reitum í Haukadál. Annars var unnið við grisjun reita í Þjórsárdal, á Þingvöllum og Tumastöðum eins og undanfarin ár. Aðeins er gerð grein fyrir stærstu verkefnum.

### Tumastaðir

Á Tumastöðum var lítið unnið að grisjun þetta árið utan grisjunar í stafafuru sunnan Seilugils, en greinarnar voru hirtar og nýttar til jólagreinaframleiðslu. Grisjaðar voru stórar aspir úr beltum neðan starfsmannahúss á Tumastöðum, auk grisjunar úr nokkrum reitum í stöðinni.

### Þjórsárdalur

Grisjað var í Gullhektaranum í Selhöfðum enn einn veturinn, nú ofan vegarins nyrst og vestast (3329). Ýmsir aðrir smærri reitir eða reitahlutar voru grisjaðir eða kjarrsagaðir þetta ár.

### Þingvellir

Á Þingvöllum var grisjað í hlíðinni norðan við Valhöll. Einnig var reiturinn við veginn að Valhöll, sunnan Þingvallabæjar grisjaður. Var efnið kurlað á staðnum, en stærstu bolirnir fóru í sögun á Mógilsá.

### Haukadalur

Skógarhöggsvél verktakafyrirtækisins Græna Drekans var prófuð fyrsta sinni hér á landi við brautargerð í reit 1073 í nóvember. Gekk sú prófun ágætlega en voru trén heldur grónn svo uppkvistun væri nógu góð. Vélin byrjaði einnig á grisjun í reit 6021 sem er blandskógur með stafafuru og sitkagreni í gömlum plógstrengjum á Tortumýri. Þrátt fyrir að reiturinn sé afar torfær og mikið blautur komst vélin ágætlega um reitinn og fór grisjun vel af stað þrátt fyrir að Guðjón eigandi Græna Drekans hafi verið að stíga sín fyrstu spor í grisjun með vél. Eru stafafura og sitkagreni með erfiðari trjátegundum þegar kemur að uppkvistun og þurftu starfsmenn S.r. að ganga á undan vélinni á köflum og kvista grófustu trén upp svo vélin kæmist að þeim með grisjunar „aggregatið“.



Menzi Muck vélin tekur sín fyrstu spor í íslenskum skögum. Ljós. Morten T. Leth.



## Tilraunir og þróunarverkefni

Helstu tilrauna- og þróunarverkefni sem unnið var að á árinu voru:

### Birki - Þjórsárdal

Gerð var úttekt á birkitilraun sem gróðursett var 2005 og var gróðursett í sjö mismunandi stig og gerðir uppgræðslu í Þjórsárdal. Landgerðir eru: Sáning 2005, 2004, 2003 og 2002, gömul lúpínusáning, gömul grassáning og ógróið land. Tilraunaliðir voru: 1) gróðursetning án jarðvinnslu, 2) Gróðursett í plægða rás, 3) Gróðursett í plægða rás með svepprótasmiti, 4) Gróðursett með C08 amerískri gróðursetningarvél. Allar plöntur fengu 15 g af NPK áburði. Á hverri landgerð voru gróðursettar 4 tilraunablokkir, með 40 plöntum af hverjum tilraunalið.



Birki á ógrónu landi. Afföll og skemmdir voru miklar fyrsta veturinn á slíku landi.  
Ljósmynd: Hrafn Óskarsson.

### Ræktun á ryðþolnum asparklónum

Afhentar voru plöntur sem ræktaðar voru fyrir verkefnið „betri tré“ og voru þær gróðursettar á Höfuðborgarsvæðinu og í Belgsholti í Melasveit. Ræktunin er liður í rannsóknum á ryðsvepp á alaskaösp sem Halldór Sverrisson og Guðmundur Halldórsson stjórna.

### Kortlagning skóglenda og starfsáætlanir

Morten T. Leth kom til starfa í maí og hóf vinnu við gerð starfsáætlunar í Haukadál. Var Morten á launaskrá Suðurlandsdeildar við það verk. Var gerð uppmæling á öllum trjáreitum í Haukadál og var það verk unnið af starfsmönnum undir stjórn Mortens.

## Skógarafurðir

Stór hluti af sértekjuöflun deildarinnar var sala skógarafurða eins og fyrri ár þ.e. sala á kurli, eldiviði, hjallaefni, trjáviði og jólatrjám.

### Kurl og arinviður

Um 70 m<sup>3</sup> af kurli seldust á árinu og er það heldur minna en árið 2005. Stór hluti kurlins fór til smásöluaðila pakkað í 0,05 m<sup>3</sup> sekki eins og síðustu ár þ.e. Byko, Blómavals og Garðheima. Örlítill minnkun varð á arinviðarsölu þetta árið og seldust um 9,3 tonn, mest til Blómavals, Garðheima og einkaaðila.

### Borðviður og hjallaefni

Lítill sala var á borðviði á árinu eins og síðasta ár. Orsakaðist þetta ekki af áhugaleysi kaupenda, heldur af þeirri staðreynd að engin borðviðarsög er til á Suðurlandi. Ennfremur var vandamál að lítið var til af efni og erfitt að ná því úr skógi, enda enginn timburvagn á Suðurlandi.

### Jólatré og greinar

Enn eitt árið var lítið um nýtilegt rauðgreni til jólatrjáa í Haukadal vegna skemmda af ryðsveppnum *Chrysomyxa abietines*. Stafafura var einnig skemmd af völdum vorhrets og lýstu skemmdirnar sér í stöku greinum sem voru rauðar. Aukning var í fjölda blágrenitrjáa sem voru tekin og má búast við aukningu á næstu árum. Lítið sem ekkert var tekið af fjallapini, nema þrjú sérpöntuð tré, það stærsta ákaflega fallett 7 m hátt sem fór í Smáralind. Alls voru höggvin og seld um 555 heimilistré sem er rýrt miðað við undanfarin ár. Flest voru trén höggvin í Haukadal, Þjorsárdal og Tumastöðum auk smáræðis af stafafuru á Mosfelli. Aukning varð í torgrtrjám og bættust stórir kunnar við. Voru alls felld 98 torgrtré í ár. Samtals voru felld 653 jólatré þetta árið. Um 700 kg af stafafurugreinum voru seld í Blómavali þetta árið sem er nokkuð minna en síðustu ár.

#### ***Samantekt á fjölda felldra og seldra jólatrjáa 2006***

Heimilistré				Torgtré	
	Rauðgreni	Blágreni	Stafafura	3-4m	21
0.70-1.00m	0	0	3	4-5m	12
1.01-1.25m	0	1	5	5-6m	17
1.26-1.50m	9	2	33	6-7m	12
1.51-1.75m	18	6	75	7-8m	13
1.76-2.00m	16	1	122	8-9m	9
2.01-2.50m	9	1	41	9-10m	5
42.51-3.00m	0	5	2	10-11m	4
Tré seld úr ekskógi	41	71	93	11-12m	2
	93	87	374	12-13m	1
				13-14m	1
<b>Fjallapinir heimilis</b>		1	stk	16.8m	1
<b>Greinar stafura</b>		780	kg	alls	98

**Jólatré alls**

**653**

## Trjáfræ

Birkifræ var í meðallagi og var safnað um 12 kg mest í Bolholti á Rangárvöllum. Voru það nemendur úr M.L. og Fsu sem aðstoðuðu við söfnunina. Þótti það merki um ágætt tíðarfar að askur í Múlakoti bar fræ.

Var spírun birkifræs frá Múlakoti með eindæmum góð og voru um 1000 spríandi fræ í hverju grammi.

### *Fræ sem safnað og hreinsað var á Tumastöðum haustið 2006*

Fræ nr.	Tegund	Kvæmi	Magn (g)	Spírun (sfg / %)
206007	Askur	Múlakot	130	
206008	Birki	Bolholt	9770	643
206009	Birki	Múlakot	800	1003
206010	Birki	Tumastaðir	1122	940
206011	Birki	Þorsteinslundur	670	725
206012	Gráreytir	Múlakot	50	
206013	Kjarrölur	Tumastaðir	30	
206014	Reyniviður	Múlakot	354	
206015	Reyniviður	Múlakot (næst hliði)	1056	
206016	Reyniviður	Þorsteinslundur	1225	
206017	Sitkagreni	Tumastaðir	84	21%
206018	Sitkaölur	Tumastaðir (v.íbhús)	282	1300
206019	Sitkaölur	Tumastaðir (v.verkst.)	76	155
206020	Stafafura	Kollabæ ex.Skagway	1760	73%
206021	Stafafura	Þjórárdal ex. Haines	250	78%
206022	Stafafura	Þjórárdal ex. Skagway	1890	67%
206023	Úlfareynir	Tumastaðir	84	
			19.633 g	



Svangur auðnutittlingur nælir sér í grenifræ.  
Líósm. Hrafn Óskarsson.

## Girðingar og vegir

### Viðhald girðinga

Viðhald girðinga var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Farið var með girðingum á eftirtöldum stöðum: Þjórárdal, Tumastöðum (Tungu og Kollabæ), Mosfelli og Múlakoti. Landgræðsla ríkisins hélt girðingum við í Þórsmörk. Á Kirkjubæjarklaustri sá Einar Bjarnason um viðhald girðingarinnar. Girðingum var ekki sinnt á Laugarvatni enda eru þær löngu ónýtar upp á Laugarvatnsfjalli, auk þess að ristarhlið á Þjóðveginum sunnan Laugarvatns er horfið og opin leið fyrir sauðfé meðfram veginum inn í kaupúnið.

### Endurnýjun girðinga

Stuttur kafli á Kirkjubæjarklaustri var endurnýjaður vegna skriðu-skemmda.

### Viðhald vega

Unnið var að smávægilegum vegaviðgerðum eftir því sem efni stóðu til. Meðal annars þurfti að endurnýja brú í Haukadale sem fór í flóði í lok árs 2006. Í sama veðri sem skall á rétt fyrir jól grófst víða úr vegum t.d. á söndum Þjórárdals.



Land var grætt upp á söndum Þjórárdals milli gömlu Sprengisandsleiðarinnar og afréttargirðingarinnar árið 2006. Því er gróðurlaus vegurinn þegar farinn að skera sig úr og líklega þarf því ekki vörður til að rata eftir í framtíðinni.

Ljósm. Hreinn Óskarsson



# Útivistarsvæði

## Tumastaðir

Áfram var grisjað úr trjábeltum milli reita á Tumastöðum. Bæði var það gert til grisjunar, en einnig til að fjarlægja fallin og brotin tré.

## Trjagarðurinn í Múlakoti

Árni Guðmundsson hafði umsjón með trjagarðinum í Múlakoti eins og undanfarin ár og sinni honum af stakri þryði.



## Haukadalur

Verktaki frá GB gröfuþjónustunni hóf lagningu stígs fyrir hreyfihamlaða sem liggur út úr eldri stíg að klósetthúsi upp í Svartagil. Ekki tókst að ljúka stígagerðinni þetta árið. Nýr stígur var lagður af Sævari og sjálfboðaliðum beggja vegna Svartagils og upp á fjallsbrún á Sandfelli. Gott framtak og gríðarlega fallegt útsýni yfir skóga Haukadals frá stígunum.

## Þjórárdalur

Gamli silfurreynirinn í Múlakoti, gróðursettur um 1935.

Fjöldi gistinátta á tjaldsvæðinu í Þjórárdal

Ljósm. Hrafn Óskarsson

var heldur lægri en síðasta ár tæp 5 þús. Jóhannes H. Sigurðsson leigði rekstur tjaldsvæðisins eins og síðustu ár og Þóra og Úlfhédinn í Haga sáu um rekstur hjólhýsasvæðisins. Gekk reksturinn vel eins og undanfarin ár. Hafist var handa við skipulagningu á stíg sem næði frá Sandá syðst á Gvendarrana yfir í Selfitar. Yrði sá stígur tengdur með brú og lagður vegur að bílastæði austan ár við Gvendarrana.

## Pórsörk og Goðaland

Viðhaldi göngustíga var framhaldið. Var verkið unnið af sjálfbóðaliðum og starfsfólki S.r. eins og undanfarin ár. Mestu stígabæturnar voru gerðar í Valahnúki og ofan Bása.

### Kirkjubæjar klaustur

Einar Bjarnason sá um girðingar og viðahald stíga eins og undanfarin ár. Vann Einar að framlengingu stígsins vestur brekkurnar, auk þess að sjálfbóðaliðahópur íslenskra sjálfbóðaliða gerði nýjan stíg upp í Sönghelli. Nú er hægt að ganga hring með viðkomu í hellinum. Því miður komst það ekki í verk að koma upp upplýsingaskilti við stigin þetta árið frekar en þau fyrri, en nú ætlar Kirkjubæjarstofa að standa fyrir verkinu og vinna að gerð áningarstaðs neðan Stórasteins neðan Systrafoss. Var felld hæsta jólatré sem sögur fara af hér á landi gengt væntanlegum áningarstað og mældist það 16,8 m á hæð og var það selt Húsasmiðjunni Skútuvogi. Skal ágóðanum 200 þúsund krónum varið í gerð áningarstaðs.



Útsýni af Básahringnum yfir Strákagil, Rjúpnafell í baksýn.  
Ljós. Hreinn Óskarsson.



# Fasteignir

## Sala og kaup

Ekkert var keypt og ekkert selt af tækjum til deildarinnar þetta árið þó ýmsu hefði mátt skipta út.

## Nýsmíði

Lítið var um nýsmíði þetta árið í Þjóðskógunum á Suðurlandi. Þó var settur niður vatnstankur í Þjórsárdal og hann tengdur borholu Símans. Var tjaldsvæðið í Sandártungu tengt við tankinn og síðar hjólhýsasvæðið.

## Viðhald

Hitavatnslögn frá hvernum að húsinu í Haukadall var endurnýjuð að vori enda var sú gamla orðin lek. Kaldavatnsból í Klofási fyrir starfsmannahúsið í Kyrrþey og nýja klósetthúsið á hjólhýsasvæðinu í Þjórsárdal var endurnýjað snemma árs.



Jóhannes grefur fyrir nýrri hitavatnslögn í Haukadall.  
Ljós. Hreinn Óskarsson

## Útleiga

Húsnæði S.r. að Gagnheiði 25 var áfram leigt út að þremur fjórðu, ásamt því að stór hluti lóðarinnar á Gagnheiði 27 var leigður út.

Skógarvarðarbústaðurinn á Tumastöðum var áfram leigður út til Hrafns Óskarssonar verkstjóra og fjölskyldu. Tunguhús var leigt út til Kristjáns Guðmundssonar og fjölskyldu. Kotmúli var leigður út til Eysteins Leifssonar og fjölskyldu gegn því að fjölskyldan sjái um viðhald á íbúðarhúsinu á jörðinni. Ásgeir Tómasson frá Reynifelli leigði Stóra-Kollabæ. Fleiri spildur eru leigðar út s.s. landnemaspildur í Skarfanesi, beitolönd í Kollabæ og sumarhúsalóðir í Þjórsárdal.

Starfsmaður Náttúruverndar ríkisins leigði herbergi í Haukadallshúsinu í sumar. Suðurlandsskógunum var eins og áður leigð aðstaða á Tumastöðum til geymslu á plöntum og dreifingar. Blómaval hf. leigði aðstöðu til ræktunar í gróðrarstöðinni á Tumastöðum. Ennfremur leigði Blómaval þjónustu starfsfólks á Tumastöðum við ræktunina.

Gerður var leigusamningur um helming veiðiréttar í Fossá eftir auglýsingu. Fékk félag í eigu Magnúsar Árnasonar og fleiri veiðiréttinn til þriggja ára.

## Rekstur ársins

### Rekstrarkostnaður

Fjárheimild Suðurlandsdeildar Skógræktar ríkisins fyrir árið 2006 var 29,5 mkr þar af 7 m.kr vegna Hekluskóga.

Rekstrarkostnaður árið 2006 var 54,3 m.kr og hækkaði um 6,6 m.kr frá fyrra ári eða um 13,8%. Launakostnaður á árinu var 30,8 m.kr og hækkaði um 0,4 m.kr eða 1%. Annar rekstrarkostnaður var 23,5 m.kr og hækkaði um 5,8 m.kr frá 2005 eða rúm 33%.

### Launakostnaður

Launakostnaður á árinu var 30,4 m.kr og hækkaði um 0,4 m.kr eða um 1%. Er þetta merkilegt í sér í lagi í ljósi þess að skógræktarráðunautur var á launum hjá deildinni frá í maí 2006 og fram til áramóta.

Heiti	2002	2003	2004	2005	2006	Breyting 2005-2006	%
Grunnstörf, viðvera	17.182.237	16.344.177	16.586.394	17.907.189	18.939.170	1.031.981	6%
Aðrar aukagreiðslur	118.416	137.530	183.392	311.073	755.600	444.527	143%
Yfirvinna, tímamæld	5.876.425	5.172.533	4.848.242	5.776.830	5.277.412	-499.418	-9%
Orlof á yfirvinnu	679.398	592.821	570.668	704.750	652.503	-52.247	-7%
Orlof af mánaðarlaunum	1.537.969	1.316.219	791.777	932.778	0	-932.778	-100%
Launatengd gjöld	4.101.829	3.813.041	3.777.654	4.738.672	5.134.635	395.963	8%
<b>Samtals</b>	<b>29.496.274</b>	<b>27.376.321</b>	<b>26.758.127</b>	<b>30.371.292</b>	<b>30.759.320</b>	<b>388.028</b>	<b>1%</b>

### Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður var 23,5 m.kr og hækkaði um 5,8 m.kr frá 2005 eða rúm 33%. Ástæða hækkunarinnar má m.a. rekja til aukinna umsvifa vegna Hekluskóga.



Það skortir ekki aura á Suðurlandi. Hér sést yfir Markarfljótsaura að Dímon og Vestmannaeyjum. Ljósmynd: Hreinn Óskarsson.

## Sértekjur

Sértekjur ársins 2006 voru 24,6 m.kr og hækkuðu um 4,9 milljónir milli ára eða tæp 25 %. Almennar tekjur ársins voru alls 0,6 m.kr en vörusala 24,0 m.kr.

## Tekjur almennar

Tekjur almennar eru að stærstum hluta styrkir, sölutekjur af eignum, framlög til samvinnuverkefna, vaxtatekjur o.þ.h. Tekjur almennar voru árið 2005 0,45 m.kr og hækkuðu í 0,6 m.kr árið 2006.

## Vörusala

Vörusala ársins var 24,0 m.kr og jókst í um 4,9 m.kr frá árinu 2005 eða um 25 %. Er þetta jákvæð breyting frá fyrra ári og má skýra með nokkrum þáttum. Fræsala jókst en hún hefur að mestu farið fram á Tumastöðum en ekki í gegn um Mógilsá eins og mörg undanfarin ár. Sala á fjölpotta og pottaplöntum jókst einnig töluvert í tengslum við ræktunarsamning við Blómaval hf.

heiti	2002	2003	2004	2005	2006	breyting	%
Jólatré, greinar og könglar	3,115,902	3,878,570	5,298,155	5,738,484	5,551,246	-187,238	-3%
Hnausplöntur	64,362	1,041,628	516,571	710,279	803,597	93,318	13%
Fræsala	32,036	706,521	346,466	54,144	887,849	833,705	1540%
Arin- og hjallaviður,græðl. og kurl	1,514,245	2,329,147	2,150,714	1,603,668	1,518,870	-84,798	-5%
Fjölpottaplöntur	1,256,537	2,581,363	3,092,682	2,415,704	4,542,010	2,126,306	88%
Pottaplöntur	834,492	1,588,942	3,542,043	2,945,628	4,766,473	1,820,845	62%
Bifreiðaleiga/Flutningur	166,065	125,850	115,100	164,856	7,711	-157,145	-95%
Vinnuvéla- og tækjaleiga	147,238	346,232	404,973	233,425	0	-233,425	0%
Tjaldstæða- og hjólhýsastæðaleiga	773,216	3,163,500	3,147,158	3,874,966	4,330,455	455,489	12%
Húsaleiga	1,325,096	1,320,600	1,244,850	1,459,454	1,517,246	57,792	4%
Selt fæði	126,831	7,344	7,200	0	0	0	0%
Önnur sala	37,866	1,207,709	152,782	315,252	81,354	-233,898	-74%
Vinnusala	470,786	210,922	140,415	156,240	0	-156240	-100%
Samtals	9,864,672	18,508,328	20,159,109	19,672,100	24,006,810	4,334,710	22%

## Ýmislegt annað

### Heimsóknir hópa og gesta

Fjölmarginir hópar bæði innlendir og erlendir, ungir sem aldnir, heimsóttu skóga á umsjónasvæði deildarinnar þetta árið eins og undanfarin ár. Of langt mál er að telja þá alla upp en um er að ræða hópa sem koma í skógana á vegum ferðapjónustuaðila, skóla á öllu stigum, ýmiskonar félög, fyrirtæki og einkaaðilar. Guðmundur Tyrfingsson ehf var með óvissuferðir í Haukadalsskóg, fjórhljálaleiga var starfrækt þar, auk þess að reglulegar hestaferðir eru farnar inn í Haukadalsskóg frá Geysi. Ættarmót, brúðkaup og afmæli hafa verið haldin í skógunum svo eitthvað sé nefnt.

Fjármálastjóri Gunnlaugur Guðjónsson kom og heimsótti deildina dagstund í febrúar og fór m.a. í Þjórsárdal og skoðaði grisjun.

Fagmálastjóri S.r. Þróstur Eysteinnsson og Sherry Curl heimsóttu Þórsmörk fyrsta sinni í maí ásamt skógarverði og þótti mikið til koma, enda skógurinn í Þórsmörk og Goðalandi ákaflega fallegur og sá birkiskógur á Íslandi sem kemst næst því að líkjast náttúrulegum birkiskógum.



Einn af mörgum hópum sem heimsóttu deildina árið 2006. Sænskir skógræktarnemar á Hekluskögasvæðinu.

Liósm. Hreinn Óskarsson

Vala, Anna og Aðalheiður af aðalskrifstofunni komu og heimsóttu Suðurlandsdeild í október. Höfðu þær það ákaflega gott og gistu í Haukadal.

### Skógardagar - jólatrjáasala úr skógi

Engir formlegir skógardagar voru haldnir þrátt fyrir ýmsar hugmyndir þess efnis. Þó var boðið upp á jólatrjáasölu úr skógi í Haukadal þriðja árið í röð og tókst það mjög vel. Er jólatrjáasalan í samstarfi við jólahlaðborðið á Hótel Geysi og eykst aðsókn ár frá ári. Jólasveinar koma og skemmta og boðið er upp á skógarkaffi og kakó í skóginum. Vandamál er hins vegar að aðstaða til að taka á móti miklum fjölda er ekki góð og hefur umferðarteppa gert mönnum lífið leitt, sér í lagi þegar snjór hefur verið mikill.

### Fundir, ferðir og námskeið

Skógarvörður sótti ýmsa fundi á árinu. Voru lang flestir fundir haldnir í tengslum við Hekluskögaverkefnið. Einnig sat skógarvörður fundi í stjórn Suðurlandssskóga frá október-des., í erfðalindarhópi, viðarnýtingarfundi, í fagnefnd skógræktar og umhverfisbrautar LBHÍ og ýmsa aðra fundi sem of langt mál er að telja upp.

## Fyrirlestrar

---

Hreinn Óskarsson 2006. Kynning á Hekluskógum. Málþing haldið á Hellu 8. mars 2006.

Hreinn Óskarsson 2006. Maður og skógur – kynning á Þjóðskógunum fyrir starfsfólk Landgræðslu ríkisins. 9. mars 2006.

Hreinn Óskarsson 2006. Er þörf á grisjunarvél hér á landi? Erindi haldið á vofundi landshlutabundinna skógræktarverkefna á Skútustöðum við Mývatn 31. mars 2006.

Hreinn Óskarsson 2006. Næringarhleðsla og voráburðargjöf. Erindi haldið á námskeiði LBHÍ fyrir trjáplönturæktendur um örverur, áburð og aukin plöntugæði. Hótel Örkuhvergerði 7. apríl 2006.

Hreinn Óskarsson 2006. Effect of fertilization at time of planting on the growth, nutrition and ecto-mycorrhizal colonization of *Betula pubescens*. Erindi haldið á fundi CARS hóps í Haukadal í Biskupstungum, 13. október 2006.

## Greinaskrif og veggspjöld

---

Agata Wencel, **Hreinn Óskarsson** og Bjarki Þór Kjartansson 2006. Notkun fjarkönnunar við mat á flatarmáli birkiskóga í Þjóðgarðinum á Þingvöllum. Fræðaðing Landbúnaðarins 2006: 239-240.

Arna Björg Þorsteinsdóttir, Björgvin Ö. Eggertsson, Böðvar Guðmundsson, Garðar Þorfinnsson, **Hreinn Óskarsson**, Magnús H. Jóhannsson, Ása L. Aradóttir 2006. Hekluskógar - flokkun lands og tillögur um aðgerðir [veggspjald]. Fræðaðing Landbúnaðarins 241-244.

Ársskýrsla Skógræktar ríkisins 2005. Ritstjórar Gunnlaugur Guðjónsson og **Hreinn Óskarsson**.

Ása L. Aradóttir, **Hreinn Óskarsson**, Björgvin Ö. Eggertsson 2006. Hekluskógar forsendur og leiðir [veggspjald]. Fræðaðing Landbúnaðarins 253-256.

Bjarni D. Sigurðsson, Björgvin Ö. Eggertsson, **Hreinn Óskarsson** og Þór Þorfinnsson 2006. Langtímarannsóknir á áhrifum tegundablöndu, áburðargjafar og upphafspéttleika í skógrækt (LT-verkefnið). Fræðaðing landbúnaðarins 2006: 285-288.

Bjarni D. Sigurðsson, Björgvin Ö. Eggertsson, **Hreinn Óskarsson** og Þór Þorfinnsson 2006. Langtímarannsóknir á áhrifum tegundablöndu, áburðargjafar og upphafspéttleika í skógrækt (LT-verkefnið). Ársskýrsla Skógræktar ríkisins 2005, bls 30-32.

Brynjar Skúlason, Hrefna Jóhannesdóttir, **Hreinn Óskarsson** 2006. Ilmreynir í skógrækt og garðrækt [veggspjald]. Fræðaðing Landbúnaðarins 306-307.

**Hreinn Óskarsson** 2006. Áburður. Kafli í Skógarbók Grænni skóga. ISBN-978-997988124-7. Bls. 189-194.

**Hreinn Óskarsson** 2006. Áburðargjöf á barrtré. Kafli í bókinni Barrtré á Íslandi. ISBN 9979-70-025-4. Bls. 20-22.

**Hreinn Óskarsson** 2006. Ársskýrsla Suðurlandsdeildar 2005.

**Hreinn Óskarsson** 2006. Er þörf á grisjunarvél á Íslandi? Erindi haldið á ráðstefnu um skógarnyttjar og skógarumhirðu, haldin á Skútustöðum í Mývatnssveit dagana 30.-31. mars 2006.

**Hreinn Óskarsson** 2006. Hversu mikillar uppgræðslu er þörf áður en trjáplöntur eru gróðursettar í örfoka vikra – lýsing á tilraunum [veggspjald]. Fræðaðing Landbúnaðarins. Bls. 344-345.

**Hreinn Óskarsson**, Adalsteinn Sigurgeirsson & Karsten Raulund Rasmussen 2006. Survival, growth, and nutrition of tree seedlings fertilized at planting on Andisol soils in Iceland: Six-year results. Forest Ecology and Management 229: 88-97.

Lárus Heiðarsson og **Hreinn Óskarsson**. Afkastamælingar á grisjun í sitkagreniskógum. Fræðaðing landbúnaðarins, 2006: 379-380.

## Nemendaverkefni

---

Þriðja árið í röð var áframhaldið samstarfi við Menntaskólann á Laugarvatni og Fjölbrautarskólann á Suðurlandi, annars vegar og hins vegar S.r., L.r. og Suðurlandsskóga. Heimsóttu skólarnir stofnanirnar auk þess að starfsfólk heimsótti skólana og fræddi nemendur. Ein ferð var farin með nemendur á vegum S.r. í Bolholt á Rangárvöllum þar sem nemendur söfnuðu birkifræi.



## Hekluskógar

---

Skógarvörður sat í samráðsnefnd um Hekluskóga árið 2006 auk þess að hann var í vinnuhópum um kynningarmál, áætlanagerð og rannsóknir. ER varlega áætlað að vinna tengd Hekluskógum hafi verið um 3 mánuðir á árinu 2006.

Sumarið 2006 var unnið að framkvæmdum við Hekluskóga og voru 120 þúsund birkiplöntur gróðursettar og 10 þúsund gulvíðigræðlingar. Var stór hluti þessara plantna gróðursettur í Þjórsárdal eða um 50 þúsund.

Töluverðar sáningar voru einnig gerðar í Þjórsárdal í tengslum við Hekluskóga eða um 60 ha og borið var á um 66 ha lands, bæði eldri sáningar og gróðursetningar.

Á árinu fengust 7 milljónir kr. til verkefnisins á fjárlögum. Björgvin Örn Eggertsson var starfsmaður verkefnisins árið 2006 og vann hann að undirbúningi þess ásamt vinnuhópum. Nánari upplýsingar um verkefnið má sjá á heimasíðu þess: [www.hekluskogar.is](http://www.hekluskogar.is).



Næg verkefni eru framundan í Hekluskógum. Hekla séð frá Sigöldu.

Ljósm. Hreinn Óskarsson.



**Viðauki**

## Gróðursetning 2006

Dags.	fj.bakka	gerð	magn	tegund	kvæmi	aldur	hvert
júlí	160	Fp 67	9,120	Birki	Tumastaðir	1/0	Hekluslóga
júlí	1094	Fp 40	40,587	Birki	Búrfell	1/0	Hekluslóga
júlí	30	Fp 40	1,200	Sitkagreni	Þjórsárd. ex Cordova	1/0	Þjórsárdals
júlí	1	Fp 40	31	Bergfura	Þýskaland Tom M	2/0	Þjórsárdals
júlí	99	Fp 40	3,960	Stafafura	Seilugil	1/0	Þjórsárdals
júlí	82	Fp 40	3,280	Stafafura	Þjórsárd. ex Skagway	1/0	Þjórsárdals
júlí	54	Fp 40	2,160	Stafafura	Þjórsárd. ex Haines /	1/0	Þjórsárdals
júlí	30	Fp 40	1,200	Rauðgreni	Malvik	1/0	Þjórsárdals
júní		1 l pottur	5	Rauðölur	Þýskaland Tom M	1/2	Þjórsárdals
júní		1 l pottur	5	Hengibjörk	Rognan Siggí Lú	1/2	Þjórsárdals
júní		1 l pottur	5	Masúrbjörk	Finnland	1/2	Þjórsárdals
júní		1 l pottur	5	Silfurreyrnir	Stekkholt Self HÓ	1/2	Þjórsárdals
júní		1 l pottur	7	Hengibjörk	Þýskaland Tom M	1/2	Þjórsárdals
			<u>61,565</u>				
júní	10	Fp 35	350	Knappareynir	Tumastaðir	0/1	Múlakots
júní	11	Fp 35	<u>375</u>	Álmur	Alstahaug	3/0	Múlakots
			<u>725</u>				
júní	300	Fp 40	12,000	Rauðgreni	Malvik	1/0	Haukadals
júní	10	Fp 40	400	Sitkagreni	Þjórsárd. ex Cordova	1/0	Haukadals
júní	10	Fp 40	400	Stafafura	Seilugil	1/0	Haukadals
júní	20	Fp 40	<u>640</u>	Birki	Tumastaðir	1/0	Haukadals
			<u>13,440</u>				
júní	25	Fp 40	<u>1,000</u>	Stafafura	Kollabæ ex. Skagway	1/0	Skarfaness
			<u>1,000</u>				
júlí		1 l pottur	380	Blágreni	Santa Fe	1/4	Tungu
júlí		Fp 35	275	Álmur	Steinkjer	3/0	Tungu
júlí		3,5 l pottur	105	Álmur	Alstahaug	1/4	Tungu
júlí		3,5 l/1 l pt	<u>120</u>	ýmsar reyniteg	Tumastaðir	1/4	Tungu
			<u>880</u>				
Alls gróðursett			77,611				



